

## Framsóknarflokkurinn

### Breyttur opnunartími

Frá og með 18. september verður skrifstofa Framsóknarflokksins opin virka daga frá kl. 9.00-17.00. Verið velkomin

Framsóknarflokkurinn

### 7. Landsþing LFK „Konur í framsókn“

verður haldið í Félagsheimili Kópavogs að Fannborg 2, Kópavogi, dagana 20.-22. október n.k.

#### Drög að dagskrá:

##### Föstudagurinn 20. október

- Kl. 19.30 Þingsetning að Borgartúni 6.  
Setning: Kristjana Bergsdóttir, formaður LFK.  
Kjör embættismanna þingsins.  
Ávörp gesta:  
Páll Pétursson félagsmálaráðgjafi.  
Siv Friðleifsdóttir, 1. þingmaður Reykjaneskjördæmis.  
Kl. 20.00 Fundi frestað til laugardags.  
Kl. 20.00 Kvöldverðarhólf í tilefni 50 ára afmælis Félags framsóknarkvænna í Reykjavík.  
Ávarp: Sigríður Hjartar, formaður FFR.  
Hátíðarræða: Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins.

##### Laugardagurinn 21. október

- Kl. 8.30 Afhending þinggagna í Félagsheimili Kópavogs að Fannborg 2, Kópavogi.  
Kl. 9.00 Skýrsla stjórnar.  
Kristjana Bergsdóttir, formaður LFK.  
Þóra Einarsdóttir gjaldkeri.  
Umræður — afgreiðsla.  
Kl. 9.20 Mannréttindi kvenna.  
Elín Lindal, formaður Jafnréttisráðs.  
Hansína Björgvinsdóttir, fulltrúi LFK á kvennaráðstefnunni í Kína.  
Umræður.  
Kl. 12.00 Matarhlé.  
Kl. 13.00 Umræður um stöðu kvenna í Framsóknarflokki og framtíðarsýn þeirra.  
Ávörp:  
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðgjafi.  
Valgerður Sverrisdóttir, formaður þingflokks framsóknarmanna.  
Siv Friðleifsdóttir, 1. þingmaður Reykjaneskjördæmis.  
Umræður.  
Kl. 15.15 Kaffihlé.  
Kl. 15.45 Tillögur að jafnréttisáætlun í flokksstarfi lagðar fram.  
Drífa Sigfúsdóttir, vararitari Framsóknarflokksins.  
Umræður.  
Kl. 17.00 Málefnavinna kjördæmanna lögð fram.  
Kl. 17.45 Skoðunar- og skemmtiferð í Mosfellsbæ fram eftir kvöldi.  
Kl. 18.15 Léttur málsverður.  
Ávörp:  
Helga Thoroddsen bæjarfulltrúi.  
Guðrún Karlsdóttir, formaður Esju, félags framsóknarkvænna í Mosfellsbæ.

##### Sunnudagurinn 23. október

- Kl. 9.00 Morgunkaffi.  
Kl. 9.15 Umræða og afgreiðsla jafnréttisáætlunar.  
Kl. 11.00 Umræða og afgreiðsla málefnavinnu kjördæmanna.  
Kl. 12.00 Matarhlé.  
Kl. 12.45 Ályktanir þingsins.  
Kl. 13.30 Stjórnarkjör.  
Kl. 14.30 Þingslit.

Dagskráin verður nánar auglýst með fréttabréfi LFK.


Kristín Gunnlaugsdóttir ornar fólki á Kjarvalsstöðum:

# Þarf ekki doktorsgráðu til að skilja listina

„Ég braut upp þetta ferkantaða form til þess að vera ekki alltaf með eitthvað til að negla upp á vegg. Ég mála á hluti sem eru allavega í laginu, ekki bara ferningar. Mér finnst Hvíti hjörturinn vera fegurð og hreinleiki. Svo er skuggahlíðin hinum megin, Svartur úlfur. Það er þessi spurning um að hafa birtu og skugga í öllum hlutum. Þú skynjar ekki að þetta sé bjart nema það sé skuggahlíð hinum megin,“ segir Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarkona um verk sitt, Hvíta hjörtinn, í samtali við Tím-ann.

Eins og sést á myndinni standa tvær renndar súlur upp úr myndinni og var Kristín spurð að því hvað þær ættu að fyrirstillast: „Bara djök. Það halda allir að það þurfi doktorsgráðu til að skilja þetta, en ég hef bara mjög gaman af því að hafa verk sem hægt er að snúa við þannig að stundum er maður í skapi til að horfa á eina myndina og stundum hina. Mér fannst verkið bjóða alveg upp á þetta, þannig að ég skellti súlunum ofan á.“

Kristín opnaði sýningu á Kjarvalsstöðum síðastliðinn laugardag og verður hún opin til 15. okt. Í fréttatilkynningu segir að Kristín sé einn af þeim myndlistarmönnum sem aðhyllast nýja málverkið, en sjálf vill hún sem minnst gera úr þeirri skilgreiningu. „Nýja málverkið getur bara verið allt það sem málað er í dag. Það má segja að það gangi m.a. út á að endurskoða hefðbundin gömul gildi innan myndlistarinnar.“ Hún segir hægt að vinna úr þeirri endurskoðun á ýmsan hátt, t.d. með því að nýta sér hefðina að einhverju leyti eða fara þveröfuga leið. „Það er bara verið að skoða hefðina frá ýmsum sjónarhornum og útkoman getur verið mismunandi augljós. Ég hef



Hvítur hjörtur. Verkið stendur og er hægt að skoða það frá báðum hliðum eftir því hvort áhorfandinn er slæmur eða léttur á geði þá stundina. Hinum megin er nefnilega Svartur úlfur, sem er skuggahlíðin.

verið að skoða mikið list miðalda, sérstaklega þá sem tengist Ítalíu, t.d. handritamálun. Þetta eru mikið verk sem eru unnin með gyllingu. Tengingin hjá mér er nokkuð augljós, því ég nota þessa fornu tækni og mála á tréplötur með blággulli og eggtemperu, sem er hreint litaduft og eggjarauða.“

Kristín segir bragðið af sýn-

ingunni vera hárautt. „Veggurinn sem gylltu verkin eru á er hárauður til að draga gullið enn frekar fram. Ég vildi gera eitthvað sem ornaði fólki aðeins, hlýjandi því.“

Er hún að koma einhverjum alvarlegum boðskap áleiðis með verum sínum? „Að taka lífinu létt og taka mig alls ekki of háttilega.“

Sími 5631631 **Tíminn**  
Fax: 5516270

## Aðsendar greinar

sem birtast eiga í blaðinu þurfa að vera tölvusettar og vistaðar á diskling sem texti, hvort sem er í DOS eða Macintosh umhverfi. Vélrit- aðar eða skrifaðar greinar geta þurft að bíða birtingar vegna anna við innslátt.

**Tíminn**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi

**séra Jón Einarsson**  
prófastur  
Saurbæ á Hvalfjarðarströnd

verður jarðsönginn frá Hallgrímskirkju í Saurbæ laugardaginn 23. september kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim, sem vildu minnast hins látna, er bent á sóknarkirkjur hans: Hallgrímskirkju í Saurbæ, Leirárkirkju og Innra-Hólmskirkju.

Hugrún Guðjónsdóttir  
Sigríður Munda Jónsdóttir  
Guðjón Ólafur Jónsson  
Jóney Jónsdóttir  
Einar Kristján Jónsson  
Hrafnkell Oddi Guðjónsson  
Erla Gunnlaugsdóttir  
Kristín Huld Haraldsdóttir  
Gunnlaugur Aðalbjarnarson  
Dagný Jónsdóttir



# Hin dýra list

Sinfóníuhljómsveit Íslands — 70 opinberir starfsmenn að syngja fyrir þjóðina — hélt sérstaka sölu- tónleika í Háskólabíói 14., 15. og 16. september. Þetta voru vel auglýstir tónleikar og dagskráin líkleg til vinsælda, enda var húsfyllir á öllum tónleikum, eða því sem næst. Og aðgerðin var ekki til einskis, því ég varð vitni að því að ung kona úr Hafnarfirði sagði í hléinu: „Ég hef aldrei komið á sinfóníutónleika áður, en mér finnst svo gaman að ég á örugglega eftir að koma oft í framtíðinni.“

Um tónleikana er ekki margt að segja annað en það að menn skemmtu sér vel. Hljómsveitar- stjóri var frá Mexíkó, Enrique Bátiz, sem auk starfa í sínu heima- landi hefur unnið mikið með sinfóníuhljómsveitum Lundúna- borgar og „hefur verið lýst sem heldrimanni af gamla skólanum, en um leið þykir hann stjórna af ástríðu og eldmóði“, eins og segir í skránni. Hegðun Bátiz á stjórn- palli var athyglisverð og í stíl við það, að atvinnumenn í spila-

## TÓNLIST

SIGURÐUR STEINÞÓRSSON

mennsku þurfa ekki fyrst og fremst á taktmæli að halda, heldur á styrk- og tilfinningamæli — nefnilega hve mjög hver hljóð- færarhópur á að hafa sig í frammi á hverjum tíma. En auðvitað er þetta allt skrifað í nóturnar, eftir því sem Stravinskij segir.

Spilararnir stóðu sig auðvitað með mestu ágætum. Framvarða- sveitin tók fína einleikskafu: Ás- geir Steingrímsson á trompet, Ein- ar Jóhannesson á klarinettu, Haf- steinn Guðmundsson á fagott, Kristján Stephensen á óbó, Daði Kolbeinsson á „enskt horn“ (sem raunar er krummhorn, bogið horn), Jón Sigurbjörnsson á flautu, Jósef Ögnibene á horn, Guðný á fiðlu og Richard Talkow- sky á knéfiðlu — sjálfsagt hef ég gleymt einhverjum.

Ekki er síður ástæða til að nefna einleikara á tónleikunum, flautu-

spilarana Guðrúnu Birgisdóttur og Martial Nardeau í „Minning- um frá Prag“, léttvigtarverki eftir Franz Doppler með tilbúinni hljómsveitarútsöngunni A.H. Sveinssonar, og Einar Kr. Einarsson gítarleikara í konsert eftir mann að nafni Joaquín Rodrigo. Mínnar skoðanir á þessari tónlist skipta ekki máli, en vel spilaði einleiksfólkið, og þrýðilega var leyst með raftæknilegum aðferð- um hið eilífa vandamál klassíska gítarsins, sem er raddlittill í 600 manna sal og í samkeppni við sinfóníuhljómsveit.

Og ekki má gleyma Eddu Þórar- insdóttur leikkonu sem flutti upp- lýsandi efni um tónskáld og tón- verk. Við, sem þekkjum til Eddu, vitum að hún var ekki að lesa eins og bavian, heldur vissi hún í aðal- atriðum hvað hún var að tala um. Enda hitti það beint í mark.

Samsagt, skemmtilegir tónleik- ar, og vonandi líklegir til að trekkja á raðirnar þrjár, græna, gula og rauða.